

HÚSALEIGUSAMNINGUR

LANDNÚMÉR: 111032 FASTANÚMÉR 204-4203

Undirritaðir gera með sér samning um leigu á atvinnuhúsnæði að Hesthálsi 14, 109 Reykjavík.

Samningsaðilar:

Leigusali: Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs
kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

Leigutaki: Strætó bs., kt. 500501-3160, pósthólf 9140, 129 Reykjavík.

1. gr.

Hið leigða

Hið leigða er lóðin Hestháls 14 og allar fasteignir sem eru á lóðinni. Nánar tiltekið er um að ræða um 3012,7 m² iðnaðar- og skrifstofuhús og 653,4 m² þvottastöð auk 25.765 m² lóðar.

2. gr.

Leigutími, forleiguréttur

Leigutaki hefur haft húsnæðið á leigu í nokkur ár án leigusamnings. Leigutími samkvæmt þessum samningi hefst við undirritun.

Samningurinn er ótímabundinn og uppsegjanlegur af hálfu leigutaka með 12 mánaða fyrirvara og af hálfu leigusala með 24 mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðamót.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar hefur leigutaki forleigurétt að hinu leigða við lok leigutímans. Vilji leigutaki nýta sér forleiguréttinn skal hann tilkynna leigusala skriflega um það eigi síðar en 6 mánuðum áður en samningurinn rennur út. Að öðrum kosti fellur forleiguréttur hans niður.

3. gr.

Leigukjör

Húsaleiga verður óbreytt frá því sem hún er við undirritun samnings þessa, þar til viðgerðum og endurbótum leigusala á húsnæðinu er að fullu lokið í samræmi við ákvæði 4. gr. samnings þessa og allar úttektir, þ.m.t. öryggisúttekt og úttektir byggingarfulltrúa, hafa varið fram.

Eftir það verður húsaleiga fyrir hið leigða á mánuði krónur 5.235.512.- í sex mánuði. Næstu tólf mánuði þar á eftir verður húsaleiga krónur 6.117.756.- á mánuði og eftir það verður húsaleiga krónur 7.000.000.- á mánuði.

Húsaleiga miðast við grunnvísitölu neysliverðs til verðtryggingar eins og hún er fyrir nóvember 2017 (446,0 stig). Húsaleiga breytist með vísitölu til hækkunar eða lækkunar fyrsta hvers mánaðar. Virðisaukaskattur greiðist ekki á húsaleigu.

Húsaleiga samkvæmt framangreindu greiðist mánaðarlega fyrirfram, á gjalddaga 1. hvers mánaðar og er eindagi 15. hvers mánaðar. Dráttarvextir reiknast eftir eindaga.

4. gr.

Ástand hins leigða í upphafi, breyting á hinu leigða

Í upphafi leigutíma er hið leigða í ástandi sem báðir aðilar hafa kynnt sér og gera aðilar sér grein fyrir að breyta þarf húsnæðinu og endurinnréttu það svo að það henti starfsemi leigutaka.

Leigusali skal breyta húsnæðinu og kosta þær breytingar að fullu og skal leigusali afhenda leigutaka hið leigða að öllu leyti fullfrágengið þ.m.t. skrifstofuhluta hins leigða sem fullinnréttað skrifstofuhúsnæði, þó án annars lauss búnaðar og lausra tækja.

Leigusali skal á sinn kostnað bæta úr ástandi hins leigða og koma því í leiguhæft ástand, sbr. fylgiskjal nr. II, þ.m.t. að lagfæra utanhússklæðningar, glugga og gler, þakklæðningu, þakrennur og niðurfallsrör, sólbeeki, loftræsingu, þætti sem af leka- og vatnsskemmdum hafa hlotist,

Um nánari lýsingu á þörfum leigutaka og afhendingarástandi hins leigða vísast til eftirfarandi fylgiskjala sem eru hluti samnings þessa:

- fylgiskj. nr. I, sem eru grunn- og útlitsteikningar af hinni leigðu eign, dags. 21.11.2017.
- fylgiskj. nr. II, sem er skýrsla verkfræðistofunnar Mannvits; *Flutningur Strætó bs. – samantekt og kostnaðaráætlun*, dags. 7.10.2017, þar sem m.a. er rýmisáætlun og þarfagreining fyrir flutning Strætó bs. og ástandsmat á fasteigninni Hesthálsi 14.

Leigusali ábyrgist að hið leigða húsnæði uppfylli kröfur sem opinberir aðilar gera til húsnæðis sem þessa eins og t.d. kröfur byggingaryfirvalda og heilbrigðis- og eldvarnaeftirlits. Leigusali ábyrgist að hið leigða uppfylli kröfur um aðgengi fatlaðra.

Við afhendingu á hinu leigða skal öryggisúttekt liggja fyrir en ekki er gerð krafa um að lokaúttekt byggingarfulltrúa verði lokið á þeim tímapunkti. Leigusali stefnir að því að lokaúttekt verði lokið við fyrstu hentugleika.

Telji leigutaki hið leigða ekki í umsömdu ástandi, eftir að hann hefur tekið við því, skal hann tilkynna leigusala það skriflega þegar í stað og eigi síðar en innan 30 daga frá því hann fékk húsnæðið afhent. Leigusali er skuldbundinn til endurbóta og lagfæringa án tafar í samræmi við húsaleigulög og samning þennan.

5. gr.

Umgenisskyldur og réttindi.

Leigutaka er skylt að fara í hvívetna með hið leigða og lóð þess á þann hátt sem samræmist góðum og viðteknum venjum um umgengni hreinlæti og hollustuhætti. Að leigutíma liðnum ber leigutaka að skila hinu leigða aftur í sama ástandi og það var við upphaf leigutímans, nema sem leiðir af venjulegri notkun.

Ef leigutaki ákveður að breyta hinu leigða eftir afhendingu, t.d. með tilfærslu á rýmum, breyta eða bæta við lagnakerfum, breyta innréttingum o.þ.h., er honum það heimilt hafi hann áður leitað samþykkis leigusala og leigusali samþykkt það. Leigutaki ber ábyrgð á öllu tjóni sem kann að leiða af slíkum framkvæmdum og kostar allar slíkar framkvæmdir.

Að leigutíma loknum skal leigusali án endurgjalds teljast eigandi að öllum innréttingum og búnaði sem varanlega hefur verið komið fyrir í húsnæðinu. Allur laus búnaður sem leigutaki leggur til á leigutímanum og sem ekki er felldur í loftakerfi eða fastar innréttingar er eign leigutaka. Leigusali skuldbindur sig ekki til kaupa á innréttingu og/eða öðru sem leigutaki lætur í té hinu leigða á leigutíma.

Leigutaki skal bæta leigusala það tjón, sem hið leigða húsnæði kann að verða fyrir á leigutímanum af hans völdum eða fólki á hans vegum.

Starfsmenn leigusala hafa heimild til að ganga um hið leigða með hæfilegum fyrirvara og í samráði við leigutaka til eftirlits eða til þess að framkvæma úrbætur.

6. gr.

Greiðsla rekstrarkostnaðar

Leigutaki greiðir fyrir notkun vatns, rafmagns svo og hitunarkostnað, og sér um og greiðir fyrir alla ræstingu og öryggisgæslu á hinu leigða. Leigutaka er skylt að annast á sinn kostnað almennan rekstrarkostnað á hinu leigða. Leigutaki greiðir einnig leigu til veitustofnana fyrir mæla og annan slíkan búnað. Ef veitustofnanir innheimta sérstök fastagjöld eða árgjöld án beinna tengsla vatns- eða orkukaupa, skulu slík gjöld greidd af leigutaka.

Leigusali greiðir öll opinber gjöld, þ.m.t. fasteignagjöld og lögboðnar tryggingar af hinu leigða.

7. gr.

Endurbætur, viðgerðir og viðhald

Leigusali skal ávallt halda hinu leigða húsnæði í leigufæru ástandi og sinna öllu viðhaldi allt eins og góðar venjur um viðhald húsnæðis segja til um. Leigusali á með hæfilegum fyrirvara og í samráði við leigutaka rétt til aðgangs að húsnæðinu til að framkvæma á því úrbætur.

Leigusali skal annast allt viðhald á hinu leigða, viðgerðir og endurbætur utandyra þ.m.t. á lóð og á ytra byrði húsa þ.m.t. á gleri. Leigusali sér um allt viðhald, viðgerðir og endurnýjun á burðarvirkjum hússins svo og á regnvatnslögnum og skólplögnum utanhúss og í grunnplötu. Einnig annast leigusali um endurnýjun lyftu- og loftræsímótora.

Leigutaki annast á sinn kostnað allt nauðsynlegt og eðlilegt viðhald hins leigða innanhúss á meðan leigutíminn varir.

Leigutaki skuldbindur sig til að fara að fyrirmælum brunamálayfirvalda, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisyfirvalda, vinnueftirlits, Neytendastofu og annarra opinberra aðila á hverjum tíma, varðandi starfsemi í hinu leigða sem og til að greiða þann kostnað sem af slíku kann að hljóta.

8. gr.

Tryggingar og ábyrgð

Leigutaki annast allar tryggingar á eignum sínum í leiguhúsnæðinu. Leigusali ber ekki ábyrgð á tjóni er kann að verða á eignum leigutaka í hinu leigða húsnæði vegna óhappa svo sem vatnstjóns, elds, reyks og þess háttar nema því aðeins að leigusala, eða þeim sem hann ber ábyrgð á, verði um kennt. Leigutaka ber að fara varlega með eld í húsinu og önnur hættuleg efni og gæta þess að ekki stafi hætta af rafleiðslum, vélum eða öðrum hlutum er hann hefur og notar í húsinu. Leigutaki skal annast á sinn kostnað allar nauðsynlegar eldvarnir eða aðrar

slíkar ráðstafanir í hinu leigða húsnæði sem Eldvarnareftirlitið eða aðrar opinberar stofnanir kunna að gera kröfu til vegna starfsemi leigutaka eða vegna þeirra breytinga sem leigutaki hefur gert á hinu leigða.

9. gr.

Afnót leigutaka

Hið leigða er leigt sem skrifstofuhúsnæði, verkstæði og önnur aðstaða fyrir strætisvagna og er leigutaka óheimilt án skriflegs samþykkis leigusala að hafa annan óskyldan rekstur í húsnæðinu.

10. gr.

Sala hins leigða - framleiga

Sala hins leigða er ekki háð samþykki leigutaka. Við sölu framselur leigusali eignarétt sinn að hinu leigða til kaupanda, sem kemur í einu og öllu í hans stað frá og með umsömdum afhendingardegi eignarinnar. Kaupandi yfirtekur öll réttindi og skyldur leigusala samkvæmt samningi þessum en réttindi og skyldur leigutaka skulu hvorki aukast né minnka. Leigutaka er ekki heimilt að framleigja leigurétt sinn að hluta til eða öllu leyti án skriflegs samþykkis leigusala.

Leigutaka er heimilt að framleigja hið leigða að hluta eða í heild án samþykkis leigusala. Komi til framleigu ber leigutaki ábyrgð á leigugreiðslum framleigutaka svo og öðrum efndum samnings þessa.

11. gr.

Vanefndir

Verði leigutaki gjaldþrota, fær heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamninga eða árangurslaust fjárnám verður gert hjá honum, öðlast leigusali rétt til að fella leigusamning þennan úr gildi, frá þeim degi sem gerðin fer fram.

Það telst ekki til vanefnda ef ófyrirséð og ófyrirsjáanleg atvik (Force Majeure) gera aðilum samningsins ókleift að efna skyldur sínar, svo sem vegna verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands, hafnbanna, atburða á gjaldeyris- og fjármagnsmörkuðum eða annarra óviðráðanlegra orsaka.

Að öðru leyti gilda ákvæði húsaleigulaga varðandi vanefndir aðila.

12. gr.

Sérákvæði

Að öðru leyti en hér er kveðið á um hafa leigutaki og leigusali þær skyldur og réttindi sem húsaleigulög nr. 36/1994 kveða á um með síðari breytingum eftir því sem við getur átt.

Leigutaki ábyrgist að fyrirhuguð starfsemi í hinu leigða húsnæði sé í samræmi við gildandi lög og reglur.

Allar breytingar á samningi þessum skulu vera skriflegar.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita fyrirvarsmenn aðila nöfn sín hér undir í viðurvist vitundarvotta.

Reykjavík 9. janúar 2018.


F.h leigusala:

F.h. leigutaka:

Samkvæmt samþykkt borgarráðs
dags. 14. desember 2018

Með fyrirvara um samþykki stjórnar Strætó bs

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskriftum og fjárræði aðila:



ARKHĪTA uzdevums
 nosaukums: **Projekts un iekārtojums**
 tēmas: **Projekts un iekārtojums**

autoritāte: **ARKHĪTA**

uzdevuma nosaukums: **Projekts un iekārtojums**


uzdevuma veids: **Projektēšanas uzdevums**


uzdevuma mērogs: **1:100**


uzdevuma datums: **2023.**

uzdevuma statuss: **Projektēšanas uzdevums**

uzdevuma numurs: **1110**








1:100
 1:500
 1:1000
 1:2000
 1:5000
 1:10000

1:10000
 1:5000
 1:2000
 1:1000
 1:500
 1:100



1:10000
 1:5000
 1:2000
 1:1000
 1:500
 1:100



MANNVIT



FLUTNINGUR STRÆTÓ BS - SAMANTEKT OG KOSTNAÐARÁÆTLUN

STRÆTÓ BS

EIGNASJÓÐUR REYKJAVÍKURBORGAR

SKJALANÚMÉR: 7120472-000-CRP-0002						
NÚGILDANDI ÚTGÁFA: 1.00						
1.00	10.07.2017	Útgefið	VH	VB	VB	Strætó
ÚTGÁFA	DAGS. ÚTG	ÚTGÁFUSTAÐA	HÖFUNDUR	RÝNIR	SAMÞYKKT	VERKKAUPI

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Samantekt	3
Kostnaðaráætlun	3
Rýmisáætlun og þarfagreining.....	4
Ástandsmat.....	5
Almennar ályktanir vegna viðhalds.....	5
Vegna flutninga	5
Viðaukar	6
1. Rýmisáætlun – Minnisblað.	6
2. Frumkostnaðarmat – Minnisblað.	11
3. Skýrsla – ástandsmat	14
4. Sundurliðuð kostnaðaráætlun.....	21

Inngangur

Skjal þetta er samantekt á minnisblöðum og skýrslum sem Mannvit hefur unnið fyrir Strætó BS og Reykjavíkurborg varðandi mögulega sameiningu á starfsemi Strætó BS á einum stað að Hesthálsi 14. Fyrirliggjandi gögn innihalda umfjöllun um rýmisþörf starfseminnar, rýmismátun, ástandsmat og kostnaðarmat fyrir nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæðinu fyrir flutning og sameiningu starfsstöðva Strætó. Þá er hér í fyrsta skipti greint frá niðurstöðum staðlaðrar kostnaðaráætlunar sem unnin hefur verið út frá teikningum arkitekts, þarfagreiningu og ástandsmati.

Verkþættirnir eru eftirfarandi – í tímaröð.

- ✓ Apríl 2017: **Rýmisáætlun og þarfagreining fyrir flutning Strætó.** Unnið fyrir Strætó BS.
- ✓ Apríl 2017: **Ástandsmat Hestháls 14.** Unnið fyrir Reykjavíkurborg.
- ✓ Júlí 2017: **Kostnaðaráætlun.** Unnið fyrir Reykjavíkurborg.

Til viðbótar við gögn Mannvits liggja fyrir frumteikningar frá Arkidea Arkitektar sem kynntar hafa verið fyrir starfsmönnum Reykjavíkurborgar og Strætó BS.

Samantekt

Hér að neðan eru stuttlega teknar saman helstu ályktanir úr hverjum verkþætti. Til upplýsingar þá fylgja öll minnisblöð og skýrslur ásamt ítarlegu niðurbroti kostnaðaráætlunar með í viðauka.

Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun var unnin út frá þarfagreiningu, ástandsmati og teikningum arkitekts. Leitast var við að vinna áætlunina með eins mikilli nákvæmni og unnt er á þessu stigi, ekki verður lengra komist fyrir en og/ef ákveðið verður að taka vinnuna á næsta hönnunarstig. Niðurstöðurnar má t.d. nýta sem grundvöll umræðu um gæðakröfur/þarfir á móti kostnaði.

Að teknu tilliti til 20% óvissu er kostnaður sem tengist flutningi metinn um 145 milljónir króna, sjá töflu 1. Matið er í takt við kostnaðarbil úr frumkostnaðaráætlun (sjá viðauka) en þó aðeins hærra. Mesta óvissan í nýrri áætlun er í meginráttum tengd lagnamálum og kostnaði vegna aðgerða tengdum kvennaklefa en þar ber helst að nefna viðbótar sturtuklefa og lagnamál þar að lútandi. Kostnaðaráætlun er sýnd í töflu hér að neðan, nákvæmari sundurliðun má finna í viðauka. Athugum að lagnaliðurinn er í raun mun hærri en það endurspeglast í óvissunni sem bætt er við heildartöluna.

Tafla 1. Kostnaður vegna flutninga – eftir rýmum - ISK.

Sundurliðun	ALMENNT	FRÁGANGUR INNANHÚSS	LAGNIR	RAFORKUVIRKI	ALLS
Öll rými	54.600.536	77.971.020	2.076.533	8.700.031	143.348.120
Fjármál og rekstur ofl.	13.084.883	9.142.026	0	1.083.014	23.309.924
Rekstrarsvið	6.973.437	4.761.353	0	593.708	12.328.498
Kaffistofa vagnstjóra ofl.	4.940.370	5.193.796	0	409.917	10.544.082
Farþegaþjónusta - lager	7.189.868	22.289.037	0	590.896	30.069.800
Móttaka/afgreiðsla	2.085.641	2.524.002	0	165.996	4.775.640
Anddyrið + gangur/stigahús	4.247.541	2.352.771	0	338.062	6.938.374
Neðri hæð	14.746.336	19.907.213	967.647	3.048.564	38.669.761
Sameiginlegur kostnaður	1.332.460	11.800.822	1.108.886	2.820.459	17.062.627

Þessu til viðbótar kemur kostnaður vegna frágangs lóða/umhverfis og utanhússaðgerða. Í því felast utanhússaðgerðir sem ekki tengjast flutningi beint og aðgerðir sem tengjast flutningi skv. frumteikningu s.s. viðbót palls og útiaðstöðu á neðri hæð.

Tafla 2. Kostnaður vegna útanhússfrágangs ofl.– ISK.

Sundurliðun	FRÁGANGUR LÓÐA OG UMHVERFIS	FRÁGANGUR UTANHÚSS	ALLS
Samtals	9.874.110	16.173.364	26.047.474
Fjármál og rekstur ofl.	0	0	
Rekstrarsvið	0	0	
Kaffistofa vagnstjóra ofl.	0	0	
Þjónustuver/Farþegaþjónusta - lager	0	0	
Móttaka/afgreiðsla	0	0	
Anddyrið + gangur/stigahús	0	553.805	553.805
Neðri hæð - eldhús og kvennaklefi	9.874.110	1.739.059	11.613.169
Sameiginlegur kostnaður	0	0	
Utanhússaðgerðir		13.880.500	13.880.500

Rýmisáætlun og þarfagreining





Þegar rýmisþörf starfseminnar var metin var aðeins miðað við starfsmenn sem skipa skrifstofurými og hafa not af sameiginlegum rýmum þeim tengdum s.s. kaffíkrókum, prentaðstöðu, skjalageymslu fyrir skjöl í nærgeymslu ofl. Ekki var horft til starfsmanna á verkstæði, í matsal og á þvottastöð enda ekki talið líklegt að rýmisfyrirkomulag þeirra myndi breytast við sameiningu. Helstu forsendur rýmisþarfar fengust með spurningarlistum til sviðsstjóra, viðtölum og vettvangsferðum um húsnæði Strætó í Þönglabakka og Mjódd, sjá töflu að neðan. Áætlað er að rýmisþörf starfseminnar sé um **350 m² nettó, sjá töflu 4**. Nettóflötur miðast eingöngu við starfsstöðina sjálfa í opnu rými. Til að grf. gangvegum, útveggjum, umferðarrýmum og sameiginleg rýmum er nettóflötur skalaður upp í **440 m² brúttó eða um 10 m² pr. starfsstöð**. Ekki er annað að sjá en að húsnæðið uppfylli kröfur til annarrar aðstöðu en þeirrar sem kemur fram í rýmisáætlun s.s. fjölda salerna, stærð matsalar, fjölda bílastæða ofl.


Tafla 4. Samandregið – rýmisþörf sviða.

Svið	Mat á rýmisþörf	
	Nettó	Brúttó
Fjármál og rekstur, mannauður og gæði ofl.	170 m ²	216 m ²
Farþegaþjónusta	96 m ²	126 m ²
Rekstrarsvið	61 m ²	79 m ²
Birgða- og innkaupadeild	20 m ²	23 m ²
Alls	347 m ²	443 m ²

Ef rýmisáætlun er mátuð við húsnæði á Hesthálsi má sjá að rýmin sem koma til greina eru eingöngu á annarri hæð en samanlögð stærð þeirra er um 540 m² brúttó u.þ.b, sjá töflu 5 og tilsvareandi lituð rými á afstöðumynd húsnæðis. Niðurstaða rýmisáætlunar var því sú að húsnæðið á Hesthálsi 14 uppfyllir rýmisþörf ef mögulegt er að gera ráðstafanir til að taka hluta lagers undir skrifstofuaðstöðu ásamt því að gera aðrar ráðstafanir fyrir kaffiaðstöðu vagnstjóra.

Tafla 5. Samandregið – rýmismátun sviða.¹

Litur	Svið	Áætlun	Rýmismátun á Hesthálsi
	Fjármál og rekstur ofl.	216 m ²	~270 m ²
	Farþegaþjónusta	126 m ²	~120 m ²
	Rekstrarsvið	79 m ²	~100 m ²
	Birgða- og innkaupadeild	23 m ²	~24 m ²



Mynd 1. Afstöðumynd húsnæðis – rýmismátun.

Ástandsmat

Gert var ástandsmat á Hesthálsi út frá sjónskoðun á ytra- og innra byrði og loftgæðamælingum í rýmum. Tilgangurinn var tvíþættur, annar vegar til að meta almennt ástand hússins með tilliti til viðhalds og hins vegar var húsið skoðað með tilliti til mögulegra breytinga vegna flutninga. Ástandsmatið er ein af forsendum kostnaðarmats.

Almennar ályktanir vegna viðhalds

Almennt virðist húsnæðið ekki illa á sig komið, en á því sjást á því allmikil þreytumerki:

- *Utanhússklæðning* - 12mm krossviður með steiningarhúð er víða orðin skemmd svo vatn kemst undir.
- *Glugga* þarf að þússa og mála. Að utan er málning mikið flögnuð svo viðurinn er víða óvarinn. Dæmi eru um á nokkrum stöðum að gler sé með raka á milli og því má búast við að rúður fari að gefa sig þar sem ekki hefur verið skipt um gler. Að innanverðu sjást þreytumerki á opnanlegum fögum og nokkuð víða voru vatnsskemmdir á láréttum innflötum glugga sem virtist stafa af ónýtum þéttingum með gleri.
- Að innan sáust *vatnsskemmdir* á sólbekkjum og öðrum láréttum flötum, líklega vegna vatns sem kemst inn með þéttingum. Aðeins sást mygla í einum glugga á austurhlíð í samskeytum timburs. *Ekki fannst fúí* í timbrinu, en það er nauðsynlegt að mála sem fyrst ef skemmdir eiga ekki að verða meiri. Innandyrá greindi skoðunarmaður hvergi áberandi ólykt frá myglu eða öðru slíku, en það útilokar samt ekkert.
- *Niðurfallsrör* er í sundur við samsetningu við NV-horn hússins og miklir ryðtaumar á vegg við rörin. Starfsfólk nefndi að dæmi sé um að íshrun frá rorum hafi valdið tjóni á bifreið. Greina þarf orsakir íshruns t.d. hvort frárennislagnir séu í ólagi. Einnig væri æskilegt að ganga úr skugga um að vatn sem ekki kemst niður rörin hafi ekki skemmt eitthvað í frágangi eða þakvirki umhverfis þakniðurföll.
- *Leki frá þaki* sást víða, bæði á verkstæði og á lager, í loftræsiklefa á efsta lofti var mikill leki, líklegast með lögnum upp úr þaki. Á verkstæði og lager voru sums staðar lekamerki niður frá samskeytum í samlokueiningum á þakásum. Á lager var undir einum glugganna er rakavarnalagið rífið út í ullina

Vegna flutninga

- *Í vegg skrifstofurýmis* sem snýr að verkstæði er hugsanlegt að raki úr heitara lofti skrifstofurýmisins nái að þéttast í plötum og kalla fram bólgumerki á vegg. Rétt er að meta hvort einangra ætti vegginn betur og e.t.v. setja í hann rakavarnalag verði skrifstofurýmið lagað til. Þá brá fyrir vitin lykt af diesel-pústi, bæði í skrifstofuhluta, matsal og víðar Til þess að vinna gegn diesel-loftmengun mætti skoða að loka verkstæði meira af, hugsanlega þetta allan veggflötinn, fækka hurðum, nota „slússur“, hurðapumpur o.fl. Einnig mætti hugsa sér að byggja utan um gönguleið á svölum. Endurstilla þarf þá loftræstikerfi.
 - *Gólfparket í skrifstofuhluta* er orðið illa farið, slitmerki og lakk lélegt. Gólf í skrifstofuhluta þarf að skoða sérstaklega hvað varðar burðarþol. Skoðunarmaður telur að endurnýja ætti gólfefnið, sérstaklega ef fjarlægja á á vegg með tilheyrandi líklegum skemmdum. Skoðunarmaður telur ekki líklegt að ástand burðarvirkis verði vandamál, nema álag sé aukið til muna.
 - Fara þarf yfir lagnir m.t.t. breytinga líklega mest raf- og tölvulagnir, hvort flutningur kalli á nýjar lagnir, færslu þeirra eða breytingu. Við allar breytingar á snyrtingum, eldhúsi eða öðru þar sem mikið vatn er notað er helsta vandamálið hvernig frárennismál verða leyst ef breyta á einhverju sem tengist þeim.
- Í rými á neðri hæð þar sem mótuneytið er staðsett þarf að gera *töluverðar endurbætur á loftræsingu* til að uppfylla kröfur um loftgæði. Lagt er þá til að nýrri loftræsisamstæðu verði komið fyrir til að þjóna núverandi skrifstofurými á efri hæð, mótuneyti og starfsmannaaðstöðu á neðri hæð. Einnig þarf að bæta við loftræsinguna í anddyri, fundarherbergi og á snyrtingum vestan megin á efri hæð byggingarinnar. Breytinga er þörf á loftræsingunni í lagerrýminu vegna nýrra skrifstofu en sú aðgerð er vel leysanleg. Einnig er í byggingunni lakklefi sem notaður er til lökkunar með óviðunandi loftræsingunni en mælt er með endurbótum á loftræsingunni þar inni.

Viðaukar

1. Rýmisáætlun – Minnisblað.

Tilvísun: 7120472-000-BMO-0007

07.07.2017

Til: **Strætó BS**
Jóhannes Rúnarsson
Framkvæmdastjóri

Efni: **Flutningur Strætó BS - Samantekt og Kostnaðaráætlun**

Minnisblað þetta inniheldur niðurstöður rýmisáætlunar fyrir flutning skrifstofustarfsemi Strætó að Hesthálsi 14 þ.e. sameiningu starfseminnar á einum stað. Hér ber að líta helstu niðurstöður rýmisáætlunarinnar eftir að tekið hefur verið tillit til upplýsinga sem komið hafa fram frá því að Mannvit skilaði Strætó BS minnisblaði til umsagnar í mars. Helstu forsendur rýmisþarfar fengust með spurningarlistum til sviðsstjóra, viðtölum og vettvangsferðum um húsnæði Strætó í Þönglabakka og Mjódd, sjá töflu að neðan.

Tafla 1. Helstu forsendur rýmisáætlunar – starfsmenn og starfsstöðvar í sameinuðu skrifstofurými.

Svið	Starfsm.	Starfsst.	Almennar þarfir	Aðrar þarfir
Yfirstjórn	1	1	Opin rými	- 3 fundarherbergi, eitt stórt
Fjármál og rekstur	11	11	Opin rými – ekki grf. móttökustarfsmanni.	- 1 kyrrðarrými
Mannauðs- og gæðasvið	4	4	Opin rými.	- Prentaðstaða
Skipulags og leiðakerfi	4	2	Opin rými – tveir ekki með starfsstöð.	- Skjalageymsla fyrir skjöl í nærgeymslu
Farþegaþjónusta	18	16	Opin rými – einn með sérþarfir.	- 2 Kaffikrókar
Rekstrarsvið	11	8	7 opin, 1 lokað, fækkað um 2 flotafulltrúa	- Prentaðstaða.
Birgða- og innkaupadeild	4	3	Opin rými – starfsstöðvar fyrir 3.	- Aðstaða fyrir gesti
Alls	53	45	-	-

Þegar rýmisþörf er metin er aðeins miðað við starfsmenn sem skipa skrifstofurými og hafa not af sameiginlegum rýmum þeim tengdum s.s. kaffikrókum, prentaðstöðu, skjalageymslu fyrir skjöl í nærgeymslu ofl. Ekki er horft til starfsmanna á verkstæði, í matsal og á þvottastöð enda ekki talið líklegt á þessu stigi að rýmisfyrirkomulag þeirra muni breytast við sameiningu.

Áætlað er að rýmisþörf starfseminnar sé um **350 m² nettó**, sjá töflu 2. Við mat á nettó rýmisþörf er eingöngu horft til starfsstöðvarinnar sjálfar í opnu skrifstofurými. Til að gera ráð fyrir gangvegum, útveggjum, umferðarrýmum og sameiginleg rýmum er nettóflötur skalaður upp í **440 m² brúttó eða um 10 m² pr. starfsstöð**. Rýmisáætlunina má sjá í frekari sundurliðun í töflu 5 í viðauka.

Tafla 2. Samandregið – rýmisþörf sviða.

Svið	Mat á rýmisþörf	
	Nettó	Brúttó
Fjármál og rekstur, mannauður og gæði ofl.	170 m ²	216 m ²
Farþegaþjónusta	96 m ²	126 m ²
Rekstrarsvið	61 m ²	79 m ²
Birgða- og innkaupadeild	20 m ²	23 m ²
Alls	347 m ²	443 m ²

Húsnæðið uppfyllir þá líklega kröfur til annarrar aðstöðu en þeirrar sem kemur fram í rýmisáætlun, sjá töflu 3 á næstu síðu. Það er þó háð endanlegu samþykki eftirlitsstofnana.

Tafla 3. Önnur aðstaða – mátun við húsnæði.

Salerni				
Starfsmenn	Fjöldi	Staðan	Reglugerð	Ath.
Alls	74	12 salerni, 9 þvagstæði, 16 handlaugar	5 s., 2 þ., 4 h.	Uppfyllt
Karlar	43	6 salerni, 9 þvagstæði, 7 handlaugar	2 s., 2 þ., 2 h.	Uppfyllt
Konur	31	6 salerni, 9 handlaugar	3 s., 2 h.	Uppfyllt
Önnur aðstaða				
Annað	Staðan	Reglugerð	Ath.	
Bílastæði	102 starfsmannastæði, 2 fyrir fatlaða – 1 pr. 29 m ² húsnæðis	1 bílastæði pr. 35 m ²		Uppfyllt
Matsalur	Fyrir 57 manns – ekki allan stm.fjölda.	1,2 m ² pr. stm. í rými.		Úrlausnarefni
Búningsaðstaða	Góð aðstaða fyrir kk, ekki fyrir kvk.	0,6 m ² fyrir stm.		Uppfyllt fyrir kk, ekki kvk.
Hjólageymsla	Ekki sérstök hjólageymsla.	Ekki tilgreint		Úrlausnarefni.
Skjalageymsla	Til staðar á neðri hæð	Ekki tilgreint		Uppfyllt

Ef rýmisáætlun er mátuð við húsnæði á Hesthálsi er niðurstaðan sú að þau rými sem komi til greina fyrir sviðin í töflu 2 séu eingöngu á annarri hæð húsnæðisins en ef talin er saman stærð þeirra rýma má sjá að samanlögð stærð þeirra er um 540 m² brúttó u.þ.b, sjá töflu 4 og tilsvareandi lituð rými á afstöðumynd húsnæðis í viðauka. Niðurstaða rýmisáætlunar er því sú að húsnæðið á Hesthálsi 14 uppfyllir rýmisþörf ef mögulegt er að gera ráðstafanir til að taka hluta lagers undir skrifstofastöðu ásamt því að gera aðrar ráðstafanir fyrir kaffiaðstöðu vagnstjóra.

Tafla 4. Samandregið – rýmismátun sviða.¹

Litur	Svið	Áætlun	Rýmismátun á Hesthálsi
	Fjármál og rekstur ofl.	216 m ²	270 m ²
	Farþegaþjónusta	126 m ²	120 m ²
	Rekstrarsvið	79 m ²	100 m ²
	Birgða- og	23 m ²	24 m ²


Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Hilmarsson


¹ Sambærileg stærð rýma fyrir „fjármál og rekstur ofl“ og „farþegaþjónusta“ á Hesthálsi í dag eru um 240 m² og 130 m², í þeirri röð.

Tafla 5. Rýmisáætlun miðað við skrifstofurými og sameiginleg rými tengd því.

RÝMISÁÆTLUN FYRIR SKRIFSTOFUAÐSTÖÐU								
SVIÐ	Rými	Opin skrifstofurými			Önnur rými		Alls	
		Starfsmenn	Starfsstöðvar	Stærð - m ²	Fjöldi rýma	Stærð - m ²	Stærð - nettó	Stærð - brúttó
FJÁRMÁL OG REKSTUR	Sviðsstjóri	1	1	5			5	7
	Kerfisstjóri	1	1	5			5	7
	Markaðsstjóri	1	1	5			5	7
	Bókhald	1	1	5			5	7
	Launamál	1	1	5			5	7
	Sölu- og kynningarfulltrúi	1	1	5			5	7
	Samskipta-og markaðsfulltrúi	1	1	5			5	7
	Fulltrúar	2	2	5			10	14
	Sérfræðingar	2	2	5			10	14
	Rými - Fjármál og rekstur	11	11	-	-	-	55	74
MANNAUÐS- OG GÆÐASVIÐ + FRAMKVÆMDASTJÓRI	Framkvæmdastjóri	1	1	5			5	7
	Mannauðsstjóri	1	1	5			5	7
	Gæða-og verkefnastjóri	1	1	5			5	7
	Sérfræðingar	2	2	5			10	14
	Rými - Fjármál og rekstur	5	5	-	-	-	25	34
SKIPULAGS- OG LEIÐAKERFI	Sérfræðingar	2	2	5			10	14
	Eftirlitsfulltrúar	2						0
	Rými - Mannauðs - og gæðasvið	4	2	-	-	-	10	14
SAMEIGINLEG RÝMI	Móttaka				1	5	5	5
	Skjalageymsla fyrir nærskjöl				1	5	5	5
	Aðstaða fyrir gesti				1	5	5	5
	Fatahengi				1	5	5	5
	Stórt fundarherbergi - einnig fyrir námskeið				1	34	34	34
	Fundarherbergi/kyrrðarrými				1	10	10	10
	Kaffikrúkur				1	5	5	5
	Prentaðstaða				1	1	1	1
	Geymsla, (geymsla og viðhaldsaðst. fyrir tölvur)				1	10	10	10
	Rými - sameiginleg rými	-	-	-	9	80	80	108
	Rýmisþörf alls	20	18	35	9	80	170	216
FARÞEGAPJÓNUSTA	Sviðstjóri	1	1	5			5	7
	Verkefnastjóri	2	2	5			10	14
	Þjónustufulltrúar	15	13	5			65	88
	Rými - farþegaþjónusta	18	16	-	-	-	80	108
SAMEIGINLEG RÝMI	Fundarherbergi/kyrrðarrými				1	10	10	10
	Prentaðstaða				1	1	1	1
	Fatahengi				1	5	5	5
	Kaffikrúkur				1	5	5	5
	Rými - sameiginleg rými	0	0	-	-	-	11	15
	Rýmisþörf alls	18	16	8	2	11	96	126
REKSTRARSVIÐ	Sviðstjóri	1	1	5			5	7
	Deildarstjóri	1	1	5			5	7
	Deildarfulltrúar	2	2	5			10	14
	Öryggis- og tjónafulltrúi	1	1	5			5	7
	Flotafulltrúar á vöktum	6	3	5			15	20
	Rými - Rekstrarsvið	11	8	-	-	-	40	54
SAMEIGINLEG RÝMI	Fundarherbergi/kyrrðarrými				1	10	10	10
	Prentaðstaða				1	1	1	1
	Fatahengi				1	5	5	5
	Kaffikrúkur				1	5	5	5
	Rými - sameiginleg rými	0	0	-	4	21	21	28
	Rýmisþörf alls	11	8	13	4	21	61	79
BIRGÐA-OG INNKAUPAEILD	Deildarstjóri	1	1	5			5	5
	Birgðafulltrúar	3	2	5			10	10
	Rými - Birgða- og Innkaupaeild	4	3	-	-	-	15	20
SAMEIGINLEG RÝMI	Kaffikrúkur - hvíldaraðstaða				1	5	5	5
	Rýmisþörf alls	4	3	5	1	5	20	23
Fjöldi starfsmanna		53						
Fjöldi starfsstöðva		45						
Stærð húsnæðis alls í fermetrum, nettó		347						
Stærð húsnæðis alls í fermetrum, brúttó		443						
Rými pr. starfsstöð		10						



Mynd 1. Rýmin sem koma til greina á annarri hæð – rýmismátun.



Mynd 2. Samanburður rýmis í Mjódd við rýmisáætlun á Hestháli.

2. Frumkostnaðarmat – Minnisblað.

Tilvísun: 7120472-000-BMO-0006

22.05.2017

Til: Reykjavíkurborg, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar
Ólafur I. Halldórsson

Efni: **Flutningur Strætó BS - Samantekt og Kostnaðaráætlun**

Þessi kostnaðaráætlun er unnin að beiðni verkkaupa með þeim fyrirvara að viktörkin/óvissan í henni eru þónokkur þar sem ekki liggja fyrir endanlegar teikningar frá arkitekt. Hún þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að leiða líkum að því á hvaða bili endanlegur kostnaður gæti verið. Áætlunin er unnin út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir á þessu stigi: *niðurstöðum ástandsmats, rýmisgreiningu, þarfagreiningu og teikningum á vinnslustigi frá arkitekt.*


Á næstu tveimur síðum má sjá myndræna túlkun á niðurstöðum og kostnaðaráætlun í sundurliðun. Kostnaðaráætlunin er tvíþætt, annars vegar er talinn fram kostnaður sem er tengdur flutningi og hins vegar kostnaður sem telst aðkallandi en er ótengdur flutningi og lýtur að utanhússframkvæmdum og öðru. Kostnaður tengdur flutningi er metinn á bilinu **80-110 milljónir króna**. Aðkallandi kostnaður ótengdur flutningi er metinn 30-40 milljónir króna, alls **110-150 milljónir króna**. Líklegt er að rétta talan verði innan þessa bils en það er háð endanlegum þörfum, gæðastigi ofl. þáttum.

Tafla. 1. Niðurstöður kostnaðaráætlunar.

Kostnaðarliðir		Beintengt flutningi			Aðkallandi	Alls
		Samtals	Mikilvægar aðgerðir	Óvíst með þarfir	Ótengt flutningi	
Eftir rýmum	Rými neðri hæð- eldhús ofl.	21 m.kr.	21 m.kr.	0 m.kr.	0 m.kr.	21 m.kr.
	Skrifstofurými Lager - Farþegaþjónusta	20 m.kr.	18 m.kr.	1 m.kr.	0 m.kr.	20 m.kr.
	Skrifstofurými - Fjármál og rekstur ofl.	14 m.kr.	11 m.kr.	3 m.kr.	0 m.kr.	14 m.kr.
	Móttaka og inngangur	8 m.kr.	6 m.kr.	3 m.kr.	0 m.kr.	8 m.kr.
	Skrifstofurými - Kaffistofa Vagnstjóra	7 m.kr.	6 m.kr.	1 m.kr.	0 m.kr.	7 m.kr.
	Skrifstofurými - Rekstrarsvið	6 m.kr.	3 m.kr.	4 m.kr.	0 m.kr.	6 m.kr.
Annað	Ráðgjöf og önnur innkaup	6 m.kr.	5 m.kr.	1 m.kr.	1 m.kr.	7 m.kr.
	Ýmsar aðgerðir innanhúss	1 m.kr.	1 m.kr.	0 m.kr.	8 m.kr.	9 m.kr.
	Ýmsar aðgerðir utanhúss	0 m.kr.	0 m.kr.	0 m.kr.	21 m.kr.	21 m.kr.
	Samtals kostnaður	83 m.kr.	71 m.kr.	12 m.kr.	30 m.kr.	113 m.kr.
	Með viktörkum (30% óvissuálag)	108 m.kr.	92 m.kr.	16 m.kr.	39 m.kr.	147 m.kr.

Eins og sjá má í töflu að ofan er breyting á lagerrými og breytingar á neðri hæð metnar kostnaðarsömustu aðgerðirnar.

Virðingarfyllt,
Vilhjálmur Hilmarsson



Mynd 1. Kostnaður tengdur flutningi.

Tafla 2. Kostnaðaráætlun í sundurliðun.

Rými	Verkhluti	Einingar og einingaverð			Flutningskostnaður		Aðkallandi
		magn	ein.	einingaverð	Mikilvægt	Óvíst	
Ýmsar aðgerðir utanhúss	Krossviður aðeins hreinsaður og málaður	410	m ²	4. þús.kr.			1 m.kr.
	Viðbót fyrir að fjarlægja krossvið og áklæða	410	m ²	22. þús.kr.			9 m.kr.
	Viðbót fyrir gluggafrágang með áláfellum	400	m	7. þús.kr.			3 m.kr.
	Niðurfallsrör lagfærð/endurnýjuð	5	stk.	100. þús.kr.			1 m.kr.
	Klæðning undir þakkanti lagfærð + máln	220	m	5. þús.kr.			1 m.kr.
	Gluggar skrapaðir og málaðir	720	m	1. þús.kr.			1 m.kr.
